

frá vöggu til grafar, skoði sig á nokkurn hátt útlenda ætti ekki að koma til mála. Það er aðeins einn vegur til að viðhalda þjóðerninu, og hann er sá, að allir Íslendingar geymi verulega íslenzka þjóðernismeðvitund, hversu mikið sem þeir blandast inn í hérlemt þjóðlíf.

Er þetta mögulegt? Um það erum við ekki sammála. Þeir, sem halda að íslenzka þjóðarbrotið hér muni hverfa, eins og dropi í hafið, mundu segja að tvöfalt þjóðerni sé óhugsandi; þeir vilja gera allt, sem unt er til að viðhalda íslenzku þjóðerni, mundu segja, að það sé nauðsynlegt að veita innlendu áhrifunum nokkurt viðnám, því annars eyðileggi þau allt, sem er íslenzkt í okkur. En gætum nú að, hvað þetta þjóðerni er, sem við komum með og sem getur þrífist hér.

Það er ekki siðir og hættir, engin ytri einkenni, sem annað fólk getur strax séð og bent á hvar sem Íslendingur er staddur; það er ekki fastheldni við neitt, sem í daglegu lífi er einkenni íslenzku þjóðarinnar, en engrar annarar þjóðar. Allt þess konar breytist og hverfur um allan heim nú á dögum. Í útli og siðum er sára lítil munur á þjóðum, sem teljast til sömu ættbálkanna, og fer stöðugt minkandi. Þjóðernið er andlegs eðlis, það er andlegur arfur en ekki líkamlegur. Íslenzka þjóðin á sína sögu, sögu,